

AUGLÝSING

um

85

28. des.

að samningurinn, sem prentaður er sem fylgiskjal með lögum 8. sept. 1931 (nr. 29), — um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi alþjóðleg einkamálaréttarákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um hjúskap, ættleiðingu og lögráð — skuli koma í gildi.

Fullgildingarskjölin að samningi þeim, sem hér að ofan er getið, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum nr. 29, 8. sept. 1931, voru afhent í Stokkhólmi þann 22. des. 1931.

Samkvæmt 23. grein samningsins gengur hann því í gildi 1. jan. 1932.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 28. desember 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

AUGLÝSING

um

86

28. des.

að samningurinn, sem prentaður er sem fylgiskjal með lögum 8. sept. 1931 (nr. 30) — um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga — skuli koma í gildi.

Fullgildingarskjölin að samningi þeim, sem hér að ofan er getið, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum nr. 30, 8. sept. 1931, voru afhent í Osló þann 23. des. 1931.

Samkvæmt 6. grein samningsins gengur hann því í gildi 1. jan. 1932.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 28. desember 1931.

Tryggvi Þórhallsson.